

ERINDISBRÉF

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Stjórnskipuleg staða

Umhverfis- og skipulagsnefnd Hornafjarðar heyrir beint undir Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Starfsmaður nefndarinnar er yfirmaður umhverfis- og skipulagsmála sveitarfélagsins.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í umhverfis og skipulagsnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og skipulagslaga nr.123/2010 og náttúruverndarlaga 44/1999*. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann og hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu framkvæmdanefndar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi aðalman einnig tilnefna varamann hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörtímabil umhverfis- og skipulagsnefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og yfirmaður umhverfis- og skipulagsmála, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

Hlutverk og verksvið

Meginhlutverk umhverfis- og skipulagsnefndar er að móta stefnu varðandi umhverfis, náttúruverndar, umferðar- og skipulagsmál. Nefndin fer jafnframt með lögbundin hlutverk umhverfis- og skipulagsmála.

Meðal verkefna nefndarinnar er:

- ◆ Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi á verksviði nefndarinnar
- ◆ Að hafa forgöngu um gerð skipulagstillagna og fjalla um þær tillögur og athugasemdir sem nefndinni berast og hafa umsjón með því að skipulagsákvæði séu haldin
- ◆ Að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfsviðs nefndarinnar.
- ◆ Að annast störf náttúruverndarnefndar og stuðla að náttúruvernd og fræðslu um náttúruferar.
- ◆ Að fjalla um umsóknir um leyfi til verklegra framkvæmda.
- ◆ Að gera tillögur að verkefnum í tengslum við fjárhagsáætlunargerð til bæjarráðs
- ◆ Að gera tillögur til bæjarstjórnar um gjalddöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið nefndarinnar
- ◆ Að leggja fram tillögur um nöfn opinna svæða og heiti nýrra gatna, torga og bæjarhluta.
- ◆ Að vinna að og framfylgja stefnumótun og áætlunum sem heyra undir sviðið.
- ◆ Að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu t.d. með árlegum hreinsunardegi
- ◆ Að vera leiðandi afl í landgræðslu í sveitarfélaginu.
- ◆ Að fara með úrgangs- og endurvinnslumál sveitarfélagsins og hvetja íbúa og fyrirtæki til endurvinnslu

- ◆ Að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástand strandlengjunnar í sveitarfélaginu.
- ◆ Að hafa umsjón með skipulagi opinna svæða og lóða sveitarfélagsins
- ◆ Að fara með hlutverk stjórnar fólkvangs í Óslandi
- ◆ Að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur henni

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í VI . kafla í *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Nefndin kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði, formaður stýrir fundi. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi nefndar að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna, en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess, sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Starfsmaður nefndarinnar sér um að taka á mótum erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum nefndarinnar. Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til starfsmanna stjórnsýslu sem sjá um að fundargerð sé tekin á dagskrá næsta fundar bæjarráðs sveitarfélagsins.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem forstöðumaður útbýr.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Eftirfylgni

Umhverfis- og skipulagsnefnd og starfsmaður nefndarinnar bera ábyrgð á framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni skipulags, umhverfis, náttúruverndar, umferðarmál. Formaður og aðrir fulltrúar í umhverfis- og skipulagsnefnd skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði nefndarinnar að framfylgja.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga* og *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal umhverfis- og skipulagsnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja *samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar*.